

LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 17. október 2024.

Mál nr. 899/2023:

Ákærvaldið

(Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir saksóknari)

gegn

Najeb Mohammad Alhaj Husin

(Guðbrandur Jóhannesson lögmaður)

(Júlí Ósk Antonsdóttir réttargæslumaður)

Lykilorð

Kynferðisbrot. Nauðgun. Ólögmet nauðung. Kynferðisleg áreitni. Börn. Sönnun. Miskabætur.

Útdráttur

N var gefin að sök kynferðisleg áreitni samkvæmt 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa í tvígang kysst A, sem þá var 14 ára, og káfað á brjóstum hennar og kynfærum utanklæða. Þá var N jafnframt gefin að sök nauðgun og kynferðisbrot gegn barni með því að hafa útrekað haft samræði og önnur kynferðismök við A, sbr. 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Að endingu var N gefið að sök að hafa haft barnaníðsefni í vörslum sínum, sbr. 1. mgr. 210. gr. a sömu laga. Var N sakfelldur í héraði samkvæmt ákæru að því undanskildu að ekki var fallist á heimfærslu háttsemi hans til 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Landsréttur taldi N hafa beitt A ólögmetri nauðung í skilningi 3. málslíðar 1. mgr. 194. gr. sömu laga og var hann því einnig sakfelldur fyrir brot gegn því ákvæði. Var refsing N ákveðin fangelsi í fimm ár en til frádráttar refsingunni kom gæsluvarðhald sem hann hafði sætt. Þá var N gert að greiða A miskabætur.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Hervör Þorvaldsdóttir, Ragnheiður Harðardóttir og Þorgeir Ingi Njálsson.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 8. desember 2023 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun. Málgögn bárust réttinum 3. maí 2024. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Norðurlands vestra 8. nóvember 2023 í málinu nr. S-[...]/2023.
- Ákærvaldið krefst þess að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og refsing hans þyngd.

- 3 Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins en til vara að refsing hans verði milduð. Þá krefst ákærði þess að einkaréttarkröfu brotþola verði vísað frá dómi, til vara að hann verði sýknaður af kröfunni en að því frágengnu að hún verði lækkuð.
- 4 Brotþoli, A, krefst þess að ákærða verði gert að greiða henni skaðabætur að fjárhæð 4.876.381 krónu með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 30. nóvember 2021 til 24. desember 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.
- 5 Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti voru spilaðar hljóð- og myndupptökur af skýrslum ákærða og brotþola fyrir héraðsdómi.

Málsatvik

- 6 Með ákæru héraðssaksóknara 25. maí 2023 var höfðað mál á hendur ákærða fyrir kynferðisbrot gagnvart A, framin á tímabilinu 22. nóvember 2021 til mars 2022, þegar stúlkun var 14 ára, á [...] og [...], svo sem hér nánar greinir:

Í fyrsta ákærulið er ákærða gefin að sök kynferðisleg áreitni gegn barni með því að hafa í tvígang í húsnæði [grunnskóla] kysst stúlkuna og káfað á brjóstum hennar og kynfærum utan klæða. Er háttsemin talin varða við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í öðrum ákærulið er ákærða gefin að sök nauðgun og kynferðisbrot gegn barni með því að hafa ítrekað haft samræði og önnur kynferðismök við stúlkuna án hennar samþykkis, en ákærði hafi nýtt sér yfirburði sína gagnvart henni vegna aldursmunar og yfirburðastöðu sinnar og þar sem hún hafi verið ein með honum fjarri öðrum, svo sem nánar er rakið í undirliðum a til d. Í a-lið er ákærða gefið að sök að hafa í nokkur skipti látið stúlkuna hafa við sig munnmök og sett fingur í leggöng hennar og hafi það átt sér stað í tveimur bifreiðum sem ákærði hafði afnot af, sem lagt hafði verið á bifreiðastæði við [...], á svæði fyrir [...] utan við [...] og við [...]. Samkvæmt b-lið hafi ákærði frá janúar til mars 2022, allt að einu sinni í viku, haft samræði við stúlkuna á þeim stöðum sem greinir í a-lið. Þá er ákærða í c- og d-lið gefið að sök að hafa í allt að þrjú skipti haft samræði við stúlkuna á þáverandi heimili sínu að [...] á [...] og í tvígang á heimili hennar að [...] á [...]. Er háttsemin samkvæmt öðrum ákærulið talin varða við 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

Í þriðja ákærulið er ákærða gefið að sök að hafa haft barnaníðsefni í vörslum sínum á tímabilinu frá 18. mars til 8. maí 2022, en um var að ræða ljósmynd sem sýndi stúlkuna á kynferðislegan hátt og vistuð var í síma ákærða. Er háttsemin í ákæru talin varða við 1. mgr. 210. gr. a almennra hegningarlaga.

- 7 Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi barst lögreglu 6. maí 2022 tilkynning félagsmálayfirvalda í sveitarfélaginu [...] um að brotþoli hefði orðið fyrir kynferðisbroti af hálfu ákærða, sem var starfsmaður grunnskólans sem hún gekk í, en

hann mun hafi unnið þar við þrif. Tekin var skýrsla af brotþola 7. maí og aftur 30. sama mánaðar og er verknaðarlýsing í ákæru reist á frásögn hennar hjá lögreglu.

- 8 Ákærði var handtekinn 8. maí 2022 og færður til skýrslutöku. Hann neitaði alfarið sakargiftum en kvaðst hafa kynnst brotþola og vinkonu hennar við líkamsrækt um sex mánuðum fyrr og hefðu þau tengst á Snapchat og Facebook. Þann 12. febrúar hefði hann átt samtál við skólustjóra, sem hefði gert athugasemd við að hann væri í samskiptum við svo ungar stúlkur og hefði hann þá hætt því. Stúlkurnar hefðu þó gætt barna hans þegar [...] síðar í þeim mánuði. Jafnframt greindi ákærði frá því að brotþoli hefði sent honum nektarmyndir af sér í gegnum Snapchat og hefði hann vistað myndirnar í síma sínum. Hún hefði einnig sent honum myndupptöku af sér þar sem hún hefði sagst [...]. Ákærði var yfirheyrður á ný 15. maí og var þá borin undir hann frásögn brotþola við skýrslutöku 8. sama mánaðar, auk þess sem hann var spurður um Snapchat-samskipti þeirra og myndir sem fundist höfðu við rannsókn á síma hans. Hann hafnaði því að hafa átt kynferðislegt samneyti við brotþola eins og hún hefði borið um en sagði hana í sífellu hafa sent sér skilaboð [...]. Hann sagði vinasamband hafa verið með þeim og hefði hann sýnt því sem hún sagði áhuga og oft svarað henni á sömu lund, svo sem þegar hún sendi honum skilaboð um að hún [...]. Í skýrslu ákærða fyrir héraðsdómi kom fram að brotþoli hefði verið fjölskylduvinur. Þá sagðist hann ekki alltaf hafa skilið skilaboðin sem brotþoli sendi honum þar sem þau voru á íslensku en hann hefði notast við þýðingarforrit Google í samskiptum þeirra.
- 9 Samkvæmt gögnum málsins hófust samskipti ákærða og brotþola um miðjan nóvember 2021 og fóru þau að mestu fram á Snapchat, auk þess sem brotþoli sendi ákærða ljósmyndir og í það minnsta eitt myndskaið. [Samskipti ákærða og brotþola]. Næstu vikur gengu ýmis skilaboð á milli þeirra, auk þess sem brotþoli sendi ákærða myndir af sér, þar á meðal er mynd 18. mars sem tekin var af brjóstum hennar, en til hennar er vísað í þriðja ákærulið. Síðustu samskipti ákærða og brotþola sem er að finna í málinu eru frá 20. mars 2022.
- 10 Um málsatvik er að öðru leyti vísað til hins áfrýjaða dóms, þar með talið þess sem þar er rakið um framburð ákærða, brotþola og vitna við aðalmeðferð málsins.

Niðurstaða

- 11 Ákærði neitar alfarið sök samkvæmt ákæru en hefur þó viðurkennt að hafa vistað á síma sínum ljósmynd sem sýnir brotþola á kynferðislegan hátt, svo sem í þriðja ákærulið greinir.
- 12 Með vísan til röksemda hins áfrýjaða dóms er tekið undir það mat héraðsdóms að framburður ákærða í málinu hafi verið ótrúverðugur en framburður brotþola, sem að auki fær verulega stoð í öðrum gögnum málsins, sé í heild sinni trúverðugur og beri að leggja hann til grundvallar við úrlausn málsins. Auk þess sem rakið er í héraðsdómi er til þess að líta að lýsing ákærða á því hvernig sambandi hans og brotþola hafi verið

háttað tók nokkrum breytingum eftir því sem rannsókn og meðferð málsins vatt fram, svo sem rakið er í málsatvikakafla hér að framan. Þannig var í fyrstu á ákærða að skilja að hann þekkti lítið til stúlkunnar, en við síðari skýrslutöku hjá lögreglu lýsti hann því að um vinasamband hefði verið að ræða. Fyrir héraðsdómi sagði hann hana síðan hafa verið fjölskylduvin. Framburður ákærða var því fjarri því að vera stöðugur um þetta veigamikla atriði. Á hinn bóginn var framburður brotþola fyrir héraðsdómi, sem reifaður er í hinum áfrýjaða dómi, í öllum meginatriðum í samræmi við skýrslur hennar hjá lögreglu hvað þetta varðar, sem og um atvik málsins að öðru leyti.

- 13 Að því er varðar vitneskju ákærða um aldur brotþola er til þess að líta að stúlkann var nemandi í 9. bekk grunnskóla á þeim tíma sem um ræðir og viðurkenndi ákærði að hafa vitað það, enda var hann starfsmaður við skólann. Þá kom fram hjá ákærða er hann gaf skýrslu fyrir héraðsdómi að hann hafi vitað að afmælisdagur brotþola væri í [...], en hún varð 15 ára [...]. Þykir því ekki varhugavert að leggja til grundvallar að ákærða hafi verið ljóst að brotþoli var aðeins 14 ára þegar atvik málsins áttu sér stað.
- 14 Samkvæmt framansögðu og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu ákærða fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru, sem og um heimfærslu brota hans samkvæmt fyrsta og þriðja ákærulið til refsíákvæða.
- 15 Í ákæru eru brot ákærða samkvæmt öðrum ákærulið talin varða við 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga en með hinum áfrýjaða dómi var háttsemin einvörðungu færð undir síðarnefnda ákvæðið. Hvað varðar heimfærslu til 1. mgr. 194. gr. er á því byggt af hálfu ákæruvaldsins að ákærði hafi komið á og viðhaldið kynferðislegu sambandi við brotþola án hennar samþykkis, í krafti yfirburðastöðu sem hann hafði gagnvart henni með hliðsjón af aldri, reynslu og þroska, auk þess sem hann hafi brotið gegn henni þar sem hún var ein með honum fjarri öðrum.
- 16 Ákærði var 29 ára en brotþoli 14 ára á þeim tíma sem ákæra tekur til. Í dómafrankvæmd hefur verið lagt til grundvallar að þegar ákærði nýtir sér yfirburðaaðstöðu gagnvart brotþola vegna aldurs-, reynslu- og þroskamunar sé um ólögmeta nauðung að ræða, sbr. 3. málslíð 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Af Snapchat-samskiptum ákærða og brotþola, sem í meginatriðum eru rakin hér að framan, verður glögglega ráðið að hann hafi fljótlega eftir að þau kynntust leitað eftir kynferðislegu samneyti við hana, í fyrstu með því að slá henni gullhamra en síðan þrýst á hana að hitta sig í því skyni að stofna til slíkra kynna. Jafnframt að brotþoli hafi í byrjun verið hikandi við að hitta hann og síðar að fara heim til hans, þar sem hann hafði fyrst við hana samræði, en að hún hafi látið undan þrýstingi frá honum. Einnig verður ráðið að ákærði hafi legið brotþola á hálsi fyrir að tjá honum ekki nægilega ást sína og vakið hjá henni sektarkennd með því. Þá er til þess að líta að flest brotin samkvæmt þessum ákærulið framdi ákærði í bifreiðum, sem hann hafði lagt á afviknum stöðum, en einnig á heimili sínu, þar sem hún var ein með honum. Með hliðsjón af öllu framangreindu er fallist á það með ákæruvaldinu að ákærði hafi beitt

brotapola ólögsmætri nauðung í skilningi 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga, en vegna ungs aldurs hennar braut hann einnig gegn 1. mgr. 202. gr. sömu laga. Af síðarnefnda ákvæðinu leiðir jafnframt að samþykki brotþola til kynmakanna gat aldrei verið fyrir hendi. Er háttsemi ákærða sem hann er sakfelldur fyrir samkvæmt öðrum ákærulið, liðum a til d, því réttilega færð til refsíákvæða í ákæru.

- 17 Í máli þessu er ákærði fundinn sekur um margítrekuð kynferðisbrot gegn stúlku á barnsaldri. Brot hans voru alvarleg og beindust að mikilsverðum hagsmunum. Þá er staðfest í gögnum málsins að þau hafa valdið brotþola mikilli vanlíðan. Samkvæmt framangreindu og með vísan til 1., 2. og 6. töluliðar 1. mgr. 70. gr. og a-liðar 195. gr. almennra hegningarlaga er refsing ákærða ákveðin fangelsi í fimm ár. Gæsluvarðhald sem ákærði sætti vegna rannsóknar málsins kemur til frádráttar refsingu.
- 18 Ákærði verður dæmdur til að greiða brotþola miskabætur samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Með vísan til þeirra sjónarmiða sem rakin hafa verið um ákvörðun refsingar þykir miskabótakrafa sem brotþoli hefur uppi í málinu hófleg og verður hún dæmd eins og hún er fram sett. Krafa brotþola um bætur vegna ferðakostnaðar að fjárhæð 1.368.828 krónur er á hinn bóginn engum gögnum studd. Er sú krafa svo vanreifuð að óhjákvæmilegt er að vísa henni frá héraðsdómi. Miskabætur til brotþola beri vexti eins og í dómsorði greinir, en með einkaréttarkröfu sem lögð var fram fyrir héraðsdómi var ekki krafist dráttarvaxta af dæmdum bótum, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001.
- 19 Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.
- 20 Ákærða verður gert að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns og þóknun réttargæslumanns brotþola, sem ákveðin verða að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Najeb Mohammad Alhaj Husin, sæti fangelsi í fimm ár. Til frádráttar refsingu kemur gæsluvarðhald ákærða frá 8. til 15. maí 2023.

Kröfu brotþola um skaðabætur vegna ferðakostnaðar er vísað frá héraðsdómi.

Ákærði greiði A 3.500.000 krónur auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 30. nóvember 2021 til 24. desember 2022.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, 2.492.335 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðbrands Jóhannessonar lögmanns, 1.612.000 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotþola, Júlíar Óskar Antonsdóttur lögmanns, 806.000 krónur, auk útlagðs kostnaðar réttargæslumannsins, 74.335 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 8. nóvember 2023

I

Mál þetta, sem tekið var til dóms 5. október sl., var höfðað 25. maí 2023 af héraðssaksóknara á hendur Najeb Mohammad Alhaj Husin, fæddum [...], til heimilis að [...].

„fyrir neðangreind kynferðisbrot gegn A, kennitala [...], sem þá var 14 ára, framín á tímabilinu frá 22. nóvember 2021 og fram til mars 2022 á [...]og á [...], nema annað sé tekið fram:

1. Fyrir kynferðislega áreitni gegn barni, með því að hafa í tvö skipti í húsnæði Grunnskóla [...] á [...], kysst A og káfað á brjóstum hennar og kynfærum utanklæða.

Telst þetta varða við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Fyrir nauðgun og kynferðisbrot gegn barni, með því að hafa ítrekað haft samræði og önnur kynferðismök við A án hennar samþykkis en ákærði nýtti sér yfirburðastöðu sína gagnvart stúlkunni vegna aldursmunar og yfirburðarstöðu sinnar og þar sem hún ver ein með honum fjarri öðrum, svo sem hér greinir:
 - a. Í nokkur skipti látið stúlkuna hafi við sig munnmök og sett fingur í leggöng hennar í tveimur bifreiðum sem ákærði hafi afnot af, [...] með fastanúmerið [...] og [...] með fastanúmerið [...], sem lagt var á á (svo) bílastæði við [...], á svæði fyrir [...] utan við [...] og við [...].
 - b. Frá janúar til mars 2022, allt að einu sinni í viku, haft samræði við stúlkuna á þeim stöðum sem greinir í ákærulið 2-1.
 - c. Í allt að þrjú skipti haft samræði við stúlkuna á þáverandi heimili sínu að [...] á [...].
 - d. Tvisvar sinnum á heimili A að [...], haft samræði við hana.

Teljast þessi brot varða við 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

3. Fyrir vörslur á barnaníðsefni, með því að hafa frá 18. mars til 8. maí 2022 haft í vörslum sínum eina ljósmynd sem sýnir A á kynferðislegan hátt en myndin fannst vistuð í síma ákærða af gerðinni Iphone 11.

Telst þetta varða við 1. mgr. 210. gr. a almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu B, kt. [...], vegna ófjárráða dóttur hans, A, kt. [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni samtals 5.007.553 kr. í skaða- og miskabætur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 30. nóvember 2021 og þar til mánuður er liðinn frá birtingardegi bótakröfunnar. Jafnframt er krafist þóknunar vegna starfa réttargæslumanns að mati réttarins eða síðar framlögðum málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts. ”

Ákærði krefst aðallega sýknu af kröfum ákærvaldsins og þess að allur sakarkostnaður þ.m.t. málsvarnarlaun verjanda greiðist úr ríkissjóði. Til vara krefst ákærði vægustu refsingar sem lög frekast heimila auk þess sem sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð. Varðandi einkaréttarkröfu krefst ákærði þess, komi til sýknu, að kröfunni verði vísað frá dómi. Til vara krefst ákærði þess að krafan verði lækkuð verulega.

II

Atvik máls.

Á þeim tíma sem atvik máls þessa taka til, 22. nóvember 2021 til mars 2022, var ákærði starfsmaður í [grunnskóla] en brotaþoli nemandi í 9. bekk skólans. Hinn 6. maí 2022 átti brotaþoli samtali við hjálparsíma Rauða krossins 1717. Systir brotaþola komst að samtalinu og fékk einhverjar upplýsingar um ástæðu samtalsins. Hún greindi móður þeirra frá og í framhaldi af því fékk faðir þeirra sömu upplýsingar. Foreldrar brotaþola tilkynntu skólustjóra [grunnskólans] frá málinu sem og yfirvöldum félagsmála á [...].

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að 6. maí 2022 barst tilkynning frá félagsmálayfirvöldum í [...] þess efnis að stúlka í 9. bekk [...], brotaþoli í máli þessu, hefði nokkrum sinnum, síðast í mars 2022, orðið fyrir nauðgun af hálfu starfsmanns í skólanum.

Daginn eftir tilkynninguna, 7. maí, tekur lögregla skýrslu af brotaþola og sama dag er ákærði handtekinn og næsta dag þar á eftir er tekin skýrsla af ákærða. Ákærði var 8. maí úrskurðaður í gæsluvarðhald og til að sæta einangrun til 15. maí. Landsréttur staðfesti síðar úrskurðinn. Ákærða var síðan, 15. maí 2022, gert að sæta farbanni til 5. ágúst 2022. Farbannið var síðan framlengt til 4. nóvember 2022. Ákærði samþykkti hinn 15. maí ákvörðun lögreglustjórans á [...] þess efnis að hann sætti nálgunarbanni gagnvart brotaþola til 15. nóvember 2022. Síðar samþykkti hann ákvörðun sama lögreglustjóra um framlengingu nálgunarbannsins til 15. maí 2023.

Lögregla tók, á tímabilinu 8. maí 2022 til 14. nóvember 2022, skýrslur af vitnum auk þess sem frekari skýrslur voru teknar af ákærða og brotaþola.

Lögregla fékk við upphaf rannsóknar málsins afhenta síma ákærða og brotaþola sem í framhaldinu voru rannsakaðir á venjubundinn hátt. Ekkert fannst á síma brotaþola sem hér skiptir máli en á síma ákærða fannst nokkur fjöldi skilaboða milli hans og brotaþola sem og allnokkrar myndir af brotaþola. Auk þess aflaði lögregla gagna frá sérfræðingum sem annast höfðu brotaþola og gagna frá skóla hennar.

III

Framburður fyrir dómi.

Fyrir dóminum, líft og hjá lögreglu, neitaði ákærði alfarið sök.

Ákærði greindi frá því að hann hafi fyrst hitt brotaþola í íþróttahúsinu en tók jafnframt fram að hann hafi unnið í skólanum þar sem hún var nemandi og þar hafði hann séð hana en hann hafi fyrst talað við hana í íþróttahúsinu. Þar hafi brotaþoli og C vinkona hennar verið að æfa og spurt hann um ákveðnar æfingar. Hann hafi hitt þær vinkonur í þrígang í íþróttahúsinu en svo hafi farið að þau orðu „vinir“ á samskiptaforritinu Snapchat. Að sögn ákærða voru brotaþoli og vinkona hennar alltaf saman en hann hafi einnig verið vinur C á Snapchat og bar að henni hafi hann tvisvar til þrisvar sent skilaboð varðandi æfingar.

Að sögn ákærða byrjuðu samskipti hans og brotaþola í nóvember 2021. Hann hafi í tvígang átt samtali við brotaþola í skólanum en hann hafi byrjað að vinna þar í byrjun ágúst 2021. Hann mundi ekki eftir fleiri skiptum sem hann ræddi við brotaþola í skólanum en hann hafi vissulega séð hana þar eins og aðra nemendur. Ákærði bar að hann hafi vitað að brotaþoli var nemandi í 9. bekk enda hafi hann unnið í skólanum. Að sögn ákærða ræddu hann og brotaþoli aldrei hversu gömul hún var en hann hafi talið að hún væri 15 ára eins og nemendur eru í 9. bekk í hans heimalandi. Þá greindi ákærði frá því að brotaþoli hafi gætt barna hans meðan að [...] í febrúar 2022. Að sögn ákærða voru hann og brotaþoli vinir á samskiptamiðlunum Instagram, Facebook og Snapchat. Á Snapchat hafi þau orðið vinir að hans frumkvæði. Þá kvað hann brotaþola hafa sent eiginkonu sinni vinabeiðni á Snapchat.

Ákærði bar að brotaþoli hafi frekar en hann sent honum skilaboð á Snapchat en hann henni. Skilaboðin hafi verið af ýmsum toga en að jafnaði bara um daginn og veginn en fyrir hafi komið að hann hafi sagt eitthvað í þá veru að hún væri „falleg stelpa“ en í hans menningu sé þetta eðlilegt og einnig sé eðlilegt að segja ég elska þig og senda mynd af blómum eða hjarta. Brotaþoli hafi sent honum samskonar skilaboð. Ákærði kvaðst elska brotaþola eins og hann elski börnin sín. Hann hafi ekki séð

neitt athugavert við samskipti þeirra á samfélagsmiðlum enda hafi á milli þeirra verið saklaus vinátta. Þá greindi ákærði frá því að brotaþoli hafi sent honum skilaboð sem snéru að vandræðum heima fyrir.

Að sögn ákærða lýsti brotaþoli, í skilaboðum, ítrekað vilja sínum til að stunda með honum kynlíf en hann hafi neitað því. Taldi ákærði að skilaboð af þessum toga hafi fyrst komið fram um tveimur mánuðum eftir að þau kynntust í íþróttahúsinu. Ákærði kvaðst hafa sagt brotaþola að biðja hann ekki um að stunda með henni kynlíf enda hafi hann óttast að lenda í vandræðum út af þessum skilaboðum. Vegna þessa hafi hann hætt að tala við brotaþola á Snapchat um tíma en síðan hafi þau byrjað að hafa samskipti á ný, hann hafi ekki viljað loka alveg á brotaþola og vinkonu hennar. Ákærði bar að brotaþoli hafi frekar sent svona skilaboð þegar hún var undir áhrifum áfengis.

Ákærði kvaðst ekki geta skýrt út hvers vegna brotaþoli ber á hann þessar sakir. Hann kvaðst ekki hafa hitt brotaþola eina í skólanum líkt og brotaþoli heldur fram. Ákærði kannaðist við að brotaþoli hafi einu sinni komið heim til hans á [...] en þá hafi hún verið að skoða skartgripi sem hann var að selja en hún hafi þá sagt að hún vildi ekki að foreldrar hennar vissu af því. Hann hafi þá gefið henni einhverja hluti og þá hafi hún knúsað hann og hann þá tekið mynd af þeim. Að sögn ákærða óskaði brotaþoli eftir því að fá að skoða skartgripina og hann þá boðið henni að skoða þá í félagsheimilinu en hún hafi ekki viljað það en hann viti ekki hvers vegna það var. Í þetta sinn hafi hann að ósk brotaþola, sótt hana að [...] og síðan ekið henni þangað aftur. Aðspurður um myndina sem ákærði tók af honum og brotaþola þegar hún kom á heimili hans (dagsett 19. janúar 2022) bar ákærði að brotaþoli hafi verið að sýna honum skilaboð sem hún var að senda móður sinni. Ákærði sagði að þau væru liggjandi á myndinni en það hafi verið vegna þess að brotaþoli vildi knúsa hann. Myndina hafi hann tekið vegna þess að hann óttaðist að eitthvað gæti gerst í framtíðinni en nánari útskýringar kvaðst hann ekki geta gefið. Ákærði neitaði því hins vegar að myndin hafi verið tekin eftir að þau höfðu stundað kynlíf. Hvers vegna brotaþoli heldur þessu fram telur hann vera vegna þess að hún hafi verið ástfangin af honum en hann hafi slitið sambandi þeirra. Það hafi hann gert eftir samtali við skólastjóra. Skólastjórinn hafi í þrjú talað við hann um samskipti hans og brotaþola. Fyrst varðandi samskipti hans og brotaþola innan skólans. Ákærði taldi að skólastjórinn hafi talað við hann vegna þess að skólastjórinn og faðir brotaþola eru vinir. Ákærði gat ekki skýrt hvers vegna skólastjórinn sá ástæðu til að tala við hann um samskipti hans og brotaþola innan skólans sem hafi ekki verið meiri en við aðra nemendur. Síðar hafi skólastjórinn frétt að hann ætti í samskiptum við brotaþola í íþróttahúsinu og þeir rætt það. Síðasta skiptið hafi verið rétt áður en lögregla hóf rannsókn á málinu. Ákærði tók fram að skólastjórinn hafi líka rætt samskipti hans við C.

Ákærði neitaði því að hafa verið að rúnta um með brotaþola í bílnum sínum en hann hafi í tvígang sótt brotaþola, í annað skiptið hafi brotaþoli verið að koma heim til hans til að passa börn en í hitt skiptið til að skoða skartgripi.

Ákærði kvaðst aldrei hafa komið heim til brotaþola fyrir utan að hafa sótt hana þegar hún var að koma til að passa börnin. Ákærði kannaðist við að brotaþoli hafi sent honum mynd þar sem brjóst hennar sjást en hann hafi ekki gert annað vegna þeirrar sendingar en að segja brotaþola að senda honum ekki svona myndir. Eftir á að hyggja hefði hann átt að láta vita af þessu. Hann hafi vistað myndina en kvaðst ekki getað gefið aðrar skýringar á því en að hann hafi haldið að samfélagið á Íslandi væri þannig að þetta væri í lagi. Mikill munur væri á menningu hér á landi og í heimalandi hans.

Ákærði bar að þegar hann átti í samskiptum við brotaþola á samskiptamiðlum hafi hann ekki alltaf skilið það sem hún skrifaði og hann því mikið notast við „Google Translate“ þar sem hann hafi ekki alltaf skilið skilaboðin. Hann hafi notað forritið til að þýða allar langar setningar sem komu frá brotaþola og að sama skapi langar setningar sem hann skrifaði til hennar. Vel geti verið að þýðingar hafi verið rangar. Skilaboð sem hann skrifaði til brotaþola hafi verið til hennar sem vinkonu og ekkert annað en það. Þau hafi stundum rifist en það hafi eingöngu verið eins og þegar vinir eru ósáttir. Þá vísaði ákærði til þess að það sé mikill munur á menningu í heimalandi hans og hér og sumt sem hann segi sé eðlilegt í hans menningu þó svo kunni ekki að vera hér á landi.

Að sögn ákærða vissi eiginkona hans af samskiptum hans og brotþola þó þannig að hún hafi ekki séð myndir eða samskipti varðandi kynlíf. Ákærði neitaði því að hafa reiðst brotþola og þá hafi hann aldrei hótad því að fremja sjálfsvíg.

Ákærði lýsti því að þegar [...] 26. apríl 2022 hafi samskiptum hans og brotþola verið lokið en þrátt fyrir það hafi hann og eiginkona hans átt í góðum samskiptum við brotþola og foreldra hennar þann dag.

Varðandi hagi sína í dag lýsti ákærði því að hann hafi vegna þessa máls misst vinnuna, hann taki ekki þátt í félagslífi og þá hafi hann og fjölskylda hans orðið fyrir miklu aðkasti. Honum sé nú bannað að koma í húsakynni sveitarfélagsins þar sem börn eru.

Vitnið A, brotþoli í máli þessu, bar að ákærði hafi unnið í skólanum sem hún var í og hún hafi hitt hann í ræktinni um miðjan nóvember 2021 en þar hafi hún verið með C vinkonu sinni. Ákærði hafi gefið sig á tal við þær og spurt hvort þær þyrftu hjálp. Síðan hafi hann spurt þær að því hvaða samfélagsmiðla þær notuðu. Þær hafi ekki viljað hafa hann á Instagram en samþykkt hann sem vin á Snapchat. Vitnið greindi frá því að á þessum tíma hafi hún verið mjög mikið með C vinkonu sinni en hún hafi ekki rætt um samband hennar við ákærða við hana fyrir en lítillaga eftir að málið var komið upp. Þær séu hins vegar í litlu sambandi í dag.

Eftir þetta hafi ákærði sent henni skilaboð á Snapchat sem hún vissi ekki almennilega hvað áttu að þýða. Síðar, þegar hún dvaldi í nokkra daga hjá frænku sinni í [...], hafi ákærði sent henni skilaboð í þá veru að honum þætti hún mjög sæt. Hún hafi ekki vitað hvernig hún átti að bregðast við en gripið til þess ráðs að slökkva á símanum. Eftir þetta hafi skilaboðin haldið áfram og þau spjallað þar. Þegar hún kom heim frá frænku sinni hafi ákærði viljað hitta hana. Þau hafi síðan hist eftir að ákærði hafði margoft beðið hana um það. Fyrsta skiptið hafi verið í skólanum en þar hafi þau setið í sófa og þar hafi ákærði reynt að kyssa hana og fara inn á hana og hann hafi þuklað á brjóstum og kynfærum hennar en hún hafi tekið í hendur hans. Taldi brotþoli að hún hafi alls hitt ákærða í þrígang í skólanum en hvort að eitthvað kynferðislegt gerðist milli þeirra í hins skiptin mundi hún ekki. Að sögn brotþola vissi ákærði hvað hún var gömul en hún mundi ekki hvort þau ræddu það sérstaklega.

Að sögn brotþola gerðist það síðan að hún hitti ákærða í bílnum hans og þau þá farið að [...], [...] og á stað þar sem [...]. Þar hafi háttsemi ákærða gengið lengra, hann hafi kysst hana og látið hana hafa munnmök við sig og um leið hafi hann farið með hendur á kynfæri hennar en hvort hann setti fingur inni í leggöng mundi hún ekki. Þetta hafi gerst nokkrum sinnum í viku en síðar hafi ákærði viljað ganga lengra. Hann hafi þá viljað að þau færu heim til hans þar sem þar væri meira næði. Hann hafi sagt henni að tilkynna sig veika í skólanum sem hún hafi gert og þau farið heim til hans þar sem hann hafði samfarir við hana en hún hafi árangurslaust reynt að sporna við. Atvik þetta kvað brotþoli hafa átt sér stað að morgni dags í desember 2021 en ákærði hafi sótt hana heim til hennar og síðan ekið henni til baka.

Varðandi myndir af henni og ákærða í faðmlögum, sem brotþoli kvaðst ekki hafa vitað af fyrir en hún sá þær hjá lögreglu, taldi brotþoli að myndirnar hafi verið teknar í annað skiptið sem þau hittust heima hjá ákærða. Myndirnar séu teknar í sófa en í hann hafi þau ekki farið í fyrsta skiptið því þá hafi þau verið á dýnu inni í herbergi. Brotþoli kannaðist ekki við að hafa sent ákærða mynd af sér þar sem sést í brjóstin á henni.

Brotþoli var viss um að hún fór oftast en einu sinni heim til ákærða og taldi að skiptin hafi verið þrjú eða fjögur, í öll skiptin hafi þau haft samfarir. Síðar hafi þau einnig haft samfarir í bifreið ákærða á sömu stöðum og áður eru nefndir, oftast í bifreið í hans eigu en stundum í bifreið í eigu eiginkonu ákærða. Brotþoli bar að ákærði hafi haft kynmök við hana í bifreiðum margoft, nokkrum sinnum í viku og þá á kvöldin.

Brotþoli greindi frá því að ákærði hafi einu sinni komið heim til hennar og þau þá haft samfarir í herbergi hennar að morgni til en hvaða dag þetta var mundi hún ekki.

Brotþola minnti að hún hafi ítrekað reynt að hætta að hafa samband við ákærða en hann hafi þá hótad henni með því að segja að hún vildi ekki sjá hann reiðan. Hún hafi í raun verið hrædd allan þennan tíma og mjög kvíðin. Hún hafi hins vegar ekki vitað hvernig hún átti að snúa sér í þessu.

Brotapoli kvaðst ekki geta útskýrt hvernig hún gat verið hrædd við ákærða á sama tíma og hún sendi honum skilaboð með ósk um [...].

Að sögn brotápola sótti hún viðtöl hjá sálfræðingi áður en hún hitti ákærða fyrst en eftir að hún hitti ákærða hafi hún hætt að hitta sálfræðinginn vegna þess að hún var viss um að hann myndi komast að því hvað var í gangi og hún hafi alls ekki viljað að nokkur vissi af þessu. Hún hafi ekki þorað að segja frá þessu þar sem hún var hrædd við viðbrögð annarra og óttast að henni yrði kennt um.

Brotapoli kvaðst viss um að hún hætti að hafa samband við ákærða í mars 2022 en þá hafði kennari, vitnið D, séð til hennar í bíl með ákærða og tilkynnt skólustjóranum það. Skólustjórinn hafi í framhaldinu talað við ákærða sem hafi ekki kannast við neitt. Ákærði hafi haft samband við hana og sagt henni að neita öllu. Hún hafi þá séð þetta sem leið út og „blokkað“ ákærða. Móðir hennar hafi síðan spurt hana að því hvort það væri satt að hún hefði verið með ákærða í bíl en hún hafi neitað því. Foreldrar hennar hafi hins vegar vitað af því að ákærði var að hjálpa henni og C vinkonu hennar í ræktinni.

Að sögn brotápola burðaðist hún með þetta í tvo mánuði en hún hafi sagt strák, vitninu E, sem hún var að tala við frá þessu og hann hvatt hana til að segja frá. Hún hafi síðan sent skilaboð á hjálparsímann 1717 og tekið skjáskot af því og sett á „story“ á Snapchat sem fáeinir nánir vinir sjái. Þar hafi systir hennar séð þetta og viljað fá skýringar á því hvers vegna hún var að tala við 1717. Systur hennar hafi tekist að toga upp úr henni hvað hafði verið í gangi án þess þó að hún hafi farið út í smáatriði. Systir hennar hafi þá sagt móður þeirra frá þessu og í framhaldi af því hafi faðir hennar frétt þetta og málið síðan farið til lögreglu.

Brotapoli lýsti því að líðan hennar væri betri í dag enda hafi hún fengið mikla hjálp. Fyrst eftir að málið kom upp hafi henni liðið mjög illa og [...]. Eftir það hafi hún [...] og líðan hennar hafi lagast.

Vitnið F, eiginkona ákærða, bar að það hafi komið henni á óvart þegar lögreglan kom og handtók ákærða og hann var sakaður um brot gegn brotápola. Hún lýsti því að ákærði hafi sagt henni frá því að hann væri að hjálpa brotápola og vinkonu hennar í ræktinni. Að sögn vitnisins sýndi ákærði henni skilaboð sem gengu á milli hans og brotápola en þau hafi verið eðlileg og ekki verið af kynferðislegum toga. Hún hafi þó séð hjörtu og blóm og einhver lyndistákn (emoji) en slíkt sé eðlilegt í hennar menningarheimi. Þá kvaðst vitnið hafa séð myndskreið frá brotápola þar sem hún var að lýsa fyrir ákærða erfiðleikum heima fyrir og taldi að brotapoli hafi séð ákærða sem góðan áheyranda.

Vitnið greindi frá því að hún hafi farið á [...] snemma í febrúar 2022 og þurft að vera þar í um tíu daga. Henni hafi verið kunnugt um að brotapoli var á þeim tíma stundum að gæta barna hennar en það hafi hún ekki gert áður. Hún hafi sent móður brotápola skilaboð í gegnum Snapchat brotápola en þær hafi, að frumkvæði brotápola verið vinir þar. Brotapoli hafi átt að sýna móður sinni skilaboðin og brotapoli hafi síðan svarað því að móðir hennar væri ekki mótfallin því að brotapoli væri að passa börnin. Þá kvaðst vitnið hafa sent móður brotápola skilaboð á Messenger og þar sem hún hafi þakkað fyrir aðstoð brotápola boðið foreldrum brotápola í kaffi. Vitnið greindi frá því að hún hafi gefið brotápola peysu og fleira fyrir hjálpina auk þessa hafi brotapoli einnig fengið skartgrip í jólagjöf.

Vitnið bar að ákærði hafi sagt henni frá því að skólustjórinn hafi talað við hann um samskipti hans og brotápola og ákærði hafi sagt henni að skólustjórinn hafi sagt ákærða að hann ætti ekki að eiga samskipti við brotápola. Þá kom fram hjá vitninu að 26. apríl 2022, þegar [...], hafi brotapoli komið og viljað halda á börnum hennar.

Vitnin B faðir brotápola, G móðir brotápola og H systir brotápola báru í öllum aðalatriðum á sama veg um það hvernig fjölskyldan frétti af málinu snemma í maí 2022 og hvað síðan gerðist í framhaldinu. Vitnið H lýsti því að hún hafi séð skjáskot af samtali brotápola við hjálparsímann 1717 og hún hafi þá, eftir að hafa gengið á brotápola, fengið hana til að segja sér frá því sem gerst hafði án þess þó að brotapoli hafi lýst því með nokkurri nákvæmni. Brotapoli hafi sagt henni að um væri að ræða starfsmann í skólanum og að endingu hafi hún sagt að ákærði hafi nauðgað henni. Hún hafi þá sótt móður þeirra og sagt henni frá og í framhaldi af því hafi faðir þeirra frétt af málinu. Móðir brotápola bar að H dóttir hennar hafi sagt að ákærði hafi nauðgað brotápola.

Foreldrar brotaþola báru bæði að þeim hafi verið kunnugt um að ákærði var að aðstoða brotaþola í ræktinni og að þau vissu af því að brotaþoli aðstoðaði ákærða og eiginkonu hans við gæslu barna þeirra. Móðir brotaþola kvaðst, 31. mars 2022, hafa fengið símtal frá skólastjóra sem hafi sagt henni af sögusögnum þess efnis að ítrekað hafi sést til brotaþola í bíl með ákærða en hún hafi bara vitað af einu skipti sem brotaþoli hafi verið í bíl með ákærða en hann hafi sótt hana í þeim tilgangi að gefa henni gjafir sem þakklætisvott fyrir barnagæslu. Að sögn vitnisins var skólastjórinn þá þegar búinn að tala við ákærða sem hafi neitað því að sögusagnirnar væru réttar. Bar vitnið að ákærði hafi verið búinn að tala við brotaþola og segja henni að neita og eyða samskiptum þeirra. Hún hafi spurt brotaþola um þetta en hún hafi neitað. Vitnið B bar á sama veg um símtal frá skólastjóranum og að ákærði hafi þá þegar verið búinn að hafa samband við brotaþola og að hann hafi sagt henni að neita öllu. Foreldrar brotaþola lýstu því að ótal atvik hafi komið upp þennan vetur sem áttu að kveikja hjá rauð ljós og nefndu m.a. í því sambandi að brotaþoli, sem hafi áður verið glaðlynd hafi farið að loka að sér, þyngra hafi verið yfir henni og hún forðaðast snertingar. Kvað hann þau oft hafa spurt brotaþola að því hvort eitthvað væri að en hún hafi neitað því. Þá nefndi vitnið að brotaþoli hafi tekið upp á því að fara ein út að ganga en það hafi hún ekki gert áður.

Foreldrar brotaþola lýstu því að brotaþoli hafi áður en atvik þessa máls komu upp [...]. Hún hafi hins vegar neitað að hitta [...] á svipuðum tíma og hún fór að hitta ákærða. Þá lýstu þau líðan brotaþola eftir að atvikið kom upp og voru sammála um að henni hafi líðið mjög illa. Hún hafi fljótlega farið í viðtöl í Barnahúsi. [...]. Að sögn móður brotaþola virðist henni sem brotaþola líði betur í dag.

Vitnið I, fyrrverandi skólastjóri [...] kvað ákærða hafa hafið störf við skólann haustið 2021. Starf hans hafi fyrst og fremst verið við ræstingar en einnig aðstoð í eldhúsi. Vinnutími ákærða hafi verið frá átta eða níu að morgni til fimm síðdegis en vinnutíminn hafi þó verið sveigjanlegur. Nefndi vitnið að frístund í skólanum ljúki kl. 16:00 og eftir það sé þrífð. Vitnið taldi að ákærði hafi oftast verið einn við störf en annar starfsmaður hafi einnig starfað við ræstingar en svæði þeirra hafi verið aðskilin.

Vitnið bar að tveir starfsmenn skólans hafi lýst áhyggjum af því að tvær stúlkur sem voru nemendur við skólann hafi verið mikið í kring um ákærða eftir að skóla lauk. Lýstu þeir því að um þetta væri rétt meðal starfsmanna skólans. Sumir hafi haft áhyggjur af því að eitthvað væri í gangi en aðrir að ákærði gæti með þessu verið að koma sér í erfiða stöðu. Eftir þetta hafi hann rétt við ákærða sem hafi sagt að ekkert væri í gangi en hann hafi bent ákærða á að hann yrði að fara varlega þar sem erfitt gæti reynst að hreinsa orðróm sem þennan af sér. Vitnið kvaðst síðar hafa fengið ábendingar um að sést hafi til ákærða og brotaþola í ræktinni, í bíl og á fleiri stöðum. Hann hafi þá haft samband við foreldra stúlkanna. Foreldrar brotaþola hafi kannast við að ákærði umgengist brotaþola eftir skóla en hún hafi verið að gæta barna ákærða. Foreldrar hinnar stúlkunnar hafi sagt að stúlkan hafi verið í samskiptum við ákærða eftir skóla og að hún hafi passað fyrir hann en samskiptunum væri nú lokið og stúlkan vildi ekki lengur passa börn ákærða. Vitnið kvaðst hafa rétt aftur við ákærða og sagt honum frá þessu en ákærði hafi þá brugðist frekar illa við og sagt að þetta væri ekki rétt. Vitnið kvaðst þá hafa ítrekað orð sín um að ákærði yrði að fara gætilega og koma sér ekki í óþægilega aðstöðu. Ákærði hafi þá sagt að hann ætti ekki í samskiptum við stúlkurnar eftir skóla og þá hafi hann lýst því að hann vildi vita ef frekari kvartanir bærust. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um hvenær hann átti þessi samtöl við ákærða.

Að sögn vitnisins voru málefni brotaþola rædd á stoðþjónustufundum og mundi vitnið til þess að þar hafi komið fram áhyggjur af líðan hennar og fjarvistum.

Vitnið J, umsjónarkennari brotaþola veturinn 2021 til 2022, sagðist hafa tekið eftir breytingum í hegðun brotaþola þegar leið á veturinn. [...]. Síðar þegar leið á veturinn hafi fjarvistir aukist. Vitnið kvaðst ekki þekkja ákærða en hann hafi þó rétt við hann eins og aðra starfsmenn. Honum hafi að sama skapi fundist sem ákærði væri á stundum ekki klæddur í samræmi við það að hann vann í skóla. Vitnið kvaðst hafa heyrt orðróm um að samskipti ákærða og brotaþola væru ekki eðlileg. Þannig hafi hann heyrt að sést hafi til þeirra í bíl og að þau ættu í óeðlilegum samskiptum innan skólans en vitnið tók fram að hann hafi ekki séð neitt óeðlilegt. Eftir að hann heyrði þetta hafi hann sagt skólastjóra frá þessu og þá kvaðst hann vita til þess að fleiri starfsmenn hafi sagt skólastjóranum frá þessu. Að sögn vitnisins var líðan brotaþola betri veturinn sem hún var í 10. bekk en reynt hafi verið að styðja við hana.

Vitnið D, kennari, bar að hún hafi kennt brotþola ákveðin fög þennan vetur. Vitnið kvaðst ekki þekkja ákærða en hún þekkti til hans. Að sögn vitnisins kvaðst hún hafa tekið efir því að brotþoli og vinkona hennar voru mikið í kringum ákærða. Vitnið bar að fleiri starfsmenn en hún hafi tilkynnt skólustjóra að þetta væri eitthvað undarlegt þó ekki sé óeðlilegt að unglingsstúlka tali við karlkyns starfsmann í skólanum en það hafi einfaldlega verið eitthvað undarlegt og óþægilegt við þetta. Vitnið minnti að hún hafi a.m.k. tvisvar, ásamt öðrum, farið til skólustjóra til að tilkynna þetta. Vitnið kvaðst hafa séð ein skilaboð frá brotþola á „Snapchat“, sem hún hafi látið vita af, þar sem brotþoli var í bíl með ákærða en hún sjálf hafi ekki séð þau saman í bíl. Vitnið kvaðst ekki geta tjáð sig um líðan brotþola þennan vetur og þá kvaðst hún ekki getað svarað því hvernig skólasókn hennar var.

Vitnið E, kvaðst hafa verið í samskiptum við brotþola veturinn sem um ræðir en þau hafi kynnst 2020 eða 2021. Vitnið kvað brotþola hafa sagt honum frá því að maður sem vann í mötuneytinu hafi mikið ýtt á hana að hitta hann og í lýsingu hennar hafi komið fram að kynferðisleg samskipti hafi átt sér stað á milli þeirra. Að sögn vitnisins sagði brotþoli að hann væri fyrstur allra til að heyra af þessu. Viðbrögð hans hafi verið þau að hann gæti ekki hjálpað varðandi þetta og hann hafi sagt brotþola að ræða þetta við foreldra sína eða aðra.

Vitnið K, lögreglufulltrúi bar að upphaf málsins hafi verið að bréf kom frá barnavernd [...] þar sem óskað var eftir rannsókn á samskiptum ákærða og brotþola. Eftir það hafi hann boðað brotþola í skýrslutöku og þá hafi hún sagt frá því að hún hafi hitt ákærða í líkamsrækt. Hún og vinkona hennar hafi skipst á snapchat aðgangi við ákærða og samskipti þeirra aukist eftir þetta. Fram hafi komið hjá brotþola að hún og ákærði hefðu hist á nokkrum stöðum og nefndi þá. Brotþoli hafi sagt frá kynferðislegum samskiptum hennar og ákærða á þeim stöðum sem hún nefndi. Símar ákærða og brotþola hafi verið rannsakaðir og á síma ákærða hafi fundist skilaboð sem fóru á milli ákærða og brotþola svo og myndir en ekkert hafi fundist á síma brotþola.

Vitnið bar að ekki hafi verið reynt að rekja staðsetningar síma ákærða og brotþola á þeim tímum sem atvik máls áttu sér stað. Vitnið taldi að slík rannsókn hefði ekki komið að gagni. Vitnið bar að Snapchat forritið væri á internetinu og það sem þar færi fram vistaðist ekki á sínum viðkomandi nema það væri vistað sérstaklega. Vitnið bar að ekki hafi verið leitað að erfðaeftni brotþola í sófa sem var á heimili ákærða að [...] og kvaðst ekki vita hvort slík rannsókn hafði komið að gagni. Að sögn vitnisins reyndist erfitt að taka skýrslu af C vinkonu brotþola en hún hafi á þeim tíma sem rannsóknin fór fram átt erfitt [...] og ekki hafi tekist að taka af henni skýrslu. Ákveðið hafi verið að senda málið frá lögreglu án þess að skýrsla væri tekin af stúlkunni.

Vitnið L [...], kvaðst hafa átt viðtöl við brotþola áður en mál þetta kom upp. [...]. Hins vegar hafi líðan hennar breyst til verri vegar um haustið. Að sögn vitnisins fékk hún þá tilfinningu að eitthvað væri að annað en brotþoli gaf upp sem ástæðu fyrir verri líðan. Brotþoli hafi ekki neitað því en hún hafi ekki verið tilbúin til að skýra frá. Fleiri viðtöl hafi hún ekki átt við brotþola þ.a. henni hafi ekki tekist að kanna nánar hvort tilfinning hennar var rétt.

Vitnið M, sálfræðingur og sérhæfður rannsakandi í Barnahúsi, bar að brotþoli hafi komið í 19 viðtöl hjá henni frá 29. júní 2022 til apríl á þessu ári. Vitnið kvaðst hafa lagt skimunarlista fyrir brotþola og þannig m.a. metið áfallaeinkenni, depurð og kvíða. Í byrjun hafi áfallaeinkenni sem tengdust ætluðu broti verið töluverð og vel yfir viðmiðum og þannig hafi þau verið nánast allt til loka meðferðar. Þá hafi brotþoli verið með mikil einkenni depurðar, kvíða, þunglyndis og streitu. Hins vegar hafi áhersla verið lögð á að meta áfallaeinkenni og í meðferðinni notast við hugræna meðferð sem hafi gengið hægt í byrjun en betur eftir því sem á leið þrátt fyrir að áfallaeinkennin hafi ekki minnkað mikið. Brotþoli hafi lýst því að henni liði mjög illa í skólanum vegna þess að ákærði var þar og um þetta hafi hún talað í nánast öllum viðtölum og þá hafi staðir utan skólans einnig verið henni erfðir. Brotþoli hafi síðan lýst ýmsum öðrum einkennum og m.a. lýst því að minningar trufluðu hana við daglegt líf. Brotþoli hafi einangrað sig mikið, verið sjaldnar með vinum sínum og tekið minni þátt í félagslífi. Brotþoli hafi upplifað mikla reiði og hún hafi sakað sjálfa sig um það sem gerðist og kennir sér um að hafa ekki barist á móti og sett mörk. Þetta sé mjög algengt og eitt af einkennum áfallastreituröskunar og langan tíma hafi tekið þær að vinna með þetta.

Vitnið greindi frá því að brotþola hafi liðið betur í apríl á þessu ári og einkenni um áfall hafi minnkað og á þessum tíma hafi henni tekist betur að vinna á forðun við ákveðna staði sem áður voru henni erfiðari. Vitnið kvað brotþola hafa komið í viðtöl vegna ákveðins brots og öll meðferðin hafi miðast við það. Hún hafi ekki verið með sögu brotþola um fyrri áföll en niðurstaða hennar og mat hafi verið að brotþoli uppfyllti öll skilyrði um áfallastreituröskun út frá meintu broti.

Vitnið N, bar að [upplýsingar um heilsufar brotþola]. Vitnið kvaðst ekki hafa sinnt brotþola sérstaklega en brotþoli hafi verið í meðferð í Barnahúsi og því hafi hún ekki rætt brotið sjálf við brotþola. Vitnið kvað brotþola hafa [...].

IV

Niðurstaða

Líkt og í ákæru greinir er ákærða gefið að sök að hafa ítrekað brotið kynferðislega gegn brotþola og háttsemi hans þar talin varða við tilgreind ákærði almennra hegningarlaga. Ákærði hefur allt frá upphafi rannsóknar málsins neitað sök.

Af hálfu ákæruvaldsins er fyrst og fremst byggt á framburði brotþola fyrir dóminum og hjá lögreglu sem að mati ákæruvaldsins er trúverðugur. Ákæruvaldið byggir á því að margvísleg smáatriði í framburði brotþola, skilaboð sem fundust í síma ákærða og framburður annarra vitna leiði til þess að framburður hennar sé trúverðugur. Að mati ákæruvaldsins er framburður ákærða hins vegar ótrúverðugur og útskýringar hans á Snapchat skilaboðum og myndum af honum og brotþola fráleitar.

Ákærði byggir á því að ákæruvaldið hafi ekki axlað þá sönnunarbyrði sem á því hvílir. Vísar ákærði til þess að gott samræmi sé í framburði hans hjá lögreglu og fyrir dóminum. Þá er að mati ákærða misræmi í framburði brotþola auk þess sem rannsókn lögreglu hafi verið ófullnægjandi. Ákærði byggir á því að ákæruvaldið verði, sbr. 18. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að sanna að hann hafi haft ásetning til að hafa samræði eða önnur kynferðismök við brotþola án hennar samþykkis en slík sönnun hafi ekki tekist. Allt þetta leiði til sýknu. Að þessu frágengnu byggir ákærði á því að ósannað sé að hann hafi vitað aldur brotþola en hann hafi talið að hún væri 15 ára.

Rétt þykir að víkja fyrst að því hvort ákærði hafi vitað eða mátt vita aldur brotþola. Fyrir liggur að brotþoli var í 9. bekk grunnskóla þegar atvik máls áttu sér stað. Að sama skapi liggur fyrir að ákærði var starfsmaður í skólanum og að honum var ljóst í hvaða bekk hún var og mátti honum vera ljóst að hún var mjög ung. Með því að spyrja brotþola ekki um aldur hennar skeytti ákærði engu um hvort hún var orðin 15 ára og lét sér þannig aldur hennar í léttu rúmi liggja. Í þessu sambandi má t.d. vísa til dóms Hæstaréttar í máli nr. 31/2012.

Fyrir liggur að engin vitni voru að þeim atvikum sem ákæran tekur til og stendur því orð gegn orði um háttsemi þá sem ákærði er sakaður um. Ákæruvaldið ber sönnunarbyrði fyrir sekt ákærða, sbr. 108. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og ákærði verður því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin, sbr. 1. mgr. 109. gr. sömu laga. Verður við úrlausn málsins því að leggja mat á trúverðugleika framburðar ákærða og brotþola og taka tillit til þess hvort framburður annarra vitna og önnur rannsóknargögn renni stoðum undir framburð ákærða eða brotþola en fyrir framburði þeirra er gerð nokkuð ítarleg grein hér að framan.

Óumdeilt er að ákærði og brotþoli hittust í líkamsrækt og þar bauðst ákærði til að aðstoða brotþola og vinkonu hennar og þá urðu þau „vinir“ á samskiptaforritinu Snapchat. Um önnur atvik máls ber þeim ekki saman. Framburður ákærða hefur verið stöðugur og hefur hann hafnað því að hafa átt í einhverjum samskiptum við brotþola í skólanum þar sem hún var nemandi og hann starfsmaður. Hann neitar því að hafa hitt brotþola á heimili sínu, utan einu sinni, og neitar því að hafa ítrekað verið í bíl með henni eða að hafa komið á heimili brotþola. Brotþoli, sem líkt og ákærði var stöðug í framburði sínum, bar hins vegar um þessi atriði hjá lögreglu og hér fyrir dómi og er ákæran reist á framburði hennar.

Samkvæmt 1. mgr. 115. gr. laga um meðferð sakamála metur dómari við úrlausn máls sönnunargildi framburðar ákærða, þar á meðal trúverðugleika hans, en við það mat skal meðal annars hugað að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn. Einnig þarf að leggja mat á trúverðugleika framburðar brotþola og annarra vitna. Við það mat ber að horfa til þeirra atriða sem fram koma í 126. gr. laga um meðferð sakamála og þarf því m.a. að huga að afstöðu vitnis til ákærða og eftir

atvikum brotaþola, hagsmunum þess af málsúrslitum, þroska þess, áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, minni, ástandi og hegðun þess við skýrslugjöf, öryggi þess og skýrleika í svörum og samræmi í frásögn.

Meðal gagna málsins er nokkur fjöldi Snapchat skilaboða milli ákærða og brotaþola en þau voru öll vistuð í síma ákærða auk skilaboðanna voru allnokkrar myndir í símanum. Mörg skilaboðanna eru ástarjátningar milli ákærða og brotaþola og þeim fylgir gjarnan lyndistákn (emoji) svo sem hjarta og ýmsar gerðir broskalla. Einnig voru skilaboð þar sem ákærði og brotaþoli töluðu um kynlíf. Allnokkur skilaboðanna voru borin undir ákærða hjá lögreglu og fyrir dómnum. Svör ákærða, líkt og að framan er rakið, voru einkum á þann veg að hann hafi notast við „Google Translate“ til að þýða skilaboð frá brotaþola og til að skrifa skilaboð til hennar og það kynni að skýra hvernig þau birtust. Jafnframt vísaði ákærði til þess að í menningin í hans upprunalandi væri önnur en hér á landi og þar hefðu setningar eins og „ég elska þig“ ekki sömu meiningu og hér.

[Samskipti ákærða og brotaþola á Snapchat]. Að mati dómsins verða þessi skilaboð ekki skilin á annan hátt en þann að þau snúi að kynlífi. Skýringar ákærða þess efnis að notkun hans á þýðingarforriti hafi leitt til þess að skilaboðin hafi átt að hafa aðra meiningu eru ótrúverðugar. Hins vegar renna þau stoðum undir framburð brotaþola einkum varðandi lýsingar hennar á því er þau höfðu fyrst samfarir á heimili ákærða.

Myndir af ákærða og brotaþola liggjandi í sófa eða á dýnu, teknar 19. janúar 2022, þar sem ákærði er ber að ofan og brotaþoli í fangi hans sem ákærði skýrði með þeim hætti að þau hafi verið að knúast eftir að hann gaf henni gjöf, eru ekki til þess fallnar að styðja framburð ákærða. Myndirnar styðja hins vegar framburð brotaþola sem bar að þær hafi verið teknar eftir að þau stunduðu kynlíf heima hjá ákærða í annað sinn en þau hafi ekki legið í þessum sófa í fyrsta skiptið heldur rúmi. Dagsetning skilaboðanna og myndanna styðja framburð brotaþola.

Fjöldi annarra skilaboða á nefndum samskiptamiðli og eðli þeirra styður ekki með nokkrum hætti neitun ákærða. Þvert á móti benda þau til þess að náði samband hafi verið á milli ákærða og brotaþola og styðja framburð hennar. Fyrir liggur að orðrómur var í gangi meðal starfsmanna skólans um að eitthvað óeðlilegt væri við samskipti ákærða og brotaþola og talaði skólastjórinn í þrígang við ákærða vegna þessa. Þrátt fyrir þessi samtöl hætti ákærði ekki að hafa samband við brotaþola sem hefði verið eðlilegt. Orðrómur er vissulega ekki annað en orðrómur en hann er frekar til stuðnings framburði brotaþola en ákærða. Að sama skapi er samtal brotaþola við hjálparsímann 1717, framburður foreldra hennar um breytta hegðun og framburður sérfræðinga sem brotaþoli leitaði til, til þess fallinn að styðja framburð hennar.

Við heildarmat á framburði ákærða og brotaþola verður að horfa til aldurs þeirra. Gera verður þá kröfu til fullorðins karlmanns að hann leiti allra leiða til að koma sér út úr aðstæðum sem þessum t.d. með því að láta skólastjórnendur, foreldra eða aðra vita af því að stúlka á barnsaldri sé að senda honum skilaboð sem hann vill ekki fá. Hann hins vegar bregst ekki við með nokkrum hætti heldur vistar skilaboðin. Þá liggur fyrir að í stað þess að láta vita af myndinni sem ákært er fyrir í ákærulið 3, vistaði hann myndina í síma sínum.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er það mat dómsins að framburður ákærða sé ótrúverðugur. Framburður brotaþola fær hins vegar verulega stoð í öðrum gögnum málsins og er í heild sinni trúverðugur. Er því að mati dómsins ekki efni til annars en að leggja hann til grundvallar við úrlausn málsins. Ákærvaldið hefur því axlað þá sönnunarbyrði sem á því hvílir samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 og nægileg sönnun um sekt ákærða fram komin sbr. 1. mgr. 109. gr. sömu laga og verður ákærði sakfelldur fyrir háttsemi þá sem í ákæru greinir. Ekki eru efni til að efast um að ákærði hafi af ásetningi haft þau kynferðislegu samskipti við brotaþola sem hann er sakfelldur fyrir.

Af hálfu ákærða var því haldið fram að verulegir annmarkar hafi verið á rannsókn málsins svo sem að ekki hafi verið tekin skýrsla af vinkonu brotaþola, hvorki hjá lögreglu né fyrir dómnum. Þá hafi ekki verið leitað eftir lífsýnum á heimili ákærða en tilvist þeirra eða að þau myndust ekki gæti varpað ljósi á málið. Þá hafi lögregla ekki kannað staðsetningar síma ákærða og brotaþola á þeim tíma sem um ræðir. Við aðalmeðferð málsins komu fram skýringar á því hvers vegna skýrsla var ekki tekin af vinkonu brotaþola. Fallast má á með ákærða að efni hafi verið til að leita lífsýna og kanna hvort unnt var að staðsetja

síma ákærða og brotaþola en þessir annmarkar leiða, í ljósi þess sem áður er rakið, ekki til þess að sekt hans sé ósönnuð.

Hvað varðar heimfærslu brota ákærða er ljóst að brot það sem lýst er í ákærulið 1 varðar við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

Í ákæru eru brot ákærða sem lýst er í ákærulið 2 talin varða við 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202 gr. almennra hegningarlaga. Af hálfu ákæruvaldsins var á því byggt að barn undir aldri gæti ekki gefið samþykki fyrir kynmökum og því varði brot ákærða við 1. mgr. 194. gr. Ljóst er að brotin varða við 1. mgr. 202. gr. laganna. Með lögum nr. 16/2018 var gerð breyting á 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga þannig að samþykki var sett í forgrunn skilgreiningar á nauðgun og nauðgun skilgreind út frá því hvort samþykki hafi verið fyrir hendi eða ekki. Hins vegar var ekki gerð breyting á 1. mgr. 202. gr. laganna af þessu tilefni sem ætla verður að eðlilegt hefði verið ef vilji löggjafans stóð til þess að líta svo á að barn undir 15 ára aldri sé ekki fært að gefa samþykki fyrir samræði eða öðrum kynferðismökum. Fyrir liggur að brotaþoli tók viljug þátt í þeirri háttsemi sem ákærði er sakfelldur fyrir. Þá verður ekki séð að ákærði hafi verið í sérstakri yfirburðastöðu gagnvart brotaþola vegna stöðu sinnar eða sérstaks trúnaðar eða trausts sem ríkti á milli þeirra. Þó var vissulega á þeim töluverður aldursmunur, hann rúmlega þrítugur en hún tæplega 15 ára. Brot ákærða samkvæmt ákærulið 2 teljast því varða við 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga en ekki 1. mgr. 194. gr. laganna. Brot ákærða í ákærulið 3 er réttilega heimfært í ákæru.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður hann að njóta vafa sem uppi er um fjölda skipta sem hann átti í kynferðislegum samskiptum við brotaþola en sannað þykir að þau eru allnokkur en nákvæmlega hversu mörg þau voru er óvíst. Ákærði, sem ekki hefur áður sætt refsingu, á sér ekki sérstakar málsbætur og verður við ákvörðun refsingar hans horft til 1. og 2. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga og þá ber og að ákvarða refsinguna eftir ákvæðum 77. gr. laganna. Að öllu þessu gættu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár og sex mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist ákærða, að fullri dagatölu, frá 8. til 15. maí 2022.

Samkvæmt 235. gr. laga nr. 88/2008 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar. Við aðalmeðferð málsins féll til 29.620 króna kostnaður vegna vitnis sem ákærða ber að greiða en ekki féll kostnaður á málið við rannsókn þess hjá lögreglu. Þá ber ákærða að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigmundar Guðmundssonar lögmanns og þóknun réttargæslumanns brotaþola, Júlíar Óskar Antonsdóttur lögmanns. Málsvarnarlaun og þóknun eru ákveðin að teknu tilliti til tímaskýrslna lögmannanna og þykja hæfilega ákveðin að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í dómsorði greinir. Auk þessa ber ákærða að greiða aksturskostnað verjanda síns að fjárhæð 15.933 krónur og ferðakostnað réttargæslumanns að fjárhæð 59.400 krónur.

Í brotum ákærða felst mikill miski í garð brotaþola og hefur hann bakað sér miskabótaábyrgð gagnvart henni sbr. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Nokkur skortur er á sérfræðigögnum til staðfestingar á afleiðingum brota ákærða og þykir hæfilegt að ákærði greiði brotaþola miskabætur að fjárhæð 2.000.000 króna. Þá ber ákærða að greiða brotaþola kostnað vegna ferða sem hún hefur farið til að leita sér hjálpar en að mati dómsins er nægilega ljóst að ferðir þessar voru farnar vegna brota ákærða og fær krafan næga stöð í framburði föður brotaþola. Kostnaður vegna ferðanna nam 1.146.612 krónum. Miskabótakrafan ber vexti samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá 30. nóvember 2021 til 24. desember 2022 en þann dag var liðinn mánuður frá birtingu kröfunnar en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Krafa vegna aksturs ber dráttarvexti frá uppkvaðningu dóms þessa.

Kolbrún Benediktsdóttir, varahéraðssaksóknari sótti málið.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan að gættum ákvæðum 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

Dómsorð:

Ákærði, Najeb Mohammad Alhaj Husin, sæti fangelsi í þrjú ár og sex mánuði. Frá refsingunni dregst, að fullri dagatölu, gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 8. til 15. maí 2023.

Ákærði greiði 4.197.153 krónur í sakarkostnað þar með talin 2.232.000 króna málsvarnarlaun verjanda síns Sigmundar Guðmundssonar lögmanns og 1.860.000 króna þóknun réttargæslumanns brotþola Júlíar Óskar Antonsdóttur lögmanns. Málsvarnarlaun og þóknun innifela virðisaukaskatt.

Ákærði greiði brotþola 2.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 30. nóvember 2021 til 24. desember 2022 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til 8. nóvember 2023 en af 3.346.612 krónum frá þeim degi til greiðsludags.